

**Nd.**

## **793. Breytingartillögur**

við brtt. á þskj. 722 (Atvinnudeild háskólans).

Frá Páli Þorsteinssyni.

1. Við 5. brtt. Aftan við till. bætist:  
6. Rannsóknnum búfjársjúkdóma.
2. Á eftir 7. brtt. komi svo hljóðandi brtt.:  
Á eftir 7. gr. frv. komi ný grein, svolátandi (Greinatala frv. breytist samkvæmt því):  
Nefndir skipaðar fulltrúum frá atvinnuvegunum og sérfræðingum frá atvinnudeild skulu ár hvert gera tillögur um, að hvaða rannsóknum skuli unnið í atvinnudeildinni.  
Þriggja manna nefnd gerir tillögur um verkefni fiskideildar. Nefndina skipa forstöðumaður fiskideildar og tveir menn tilnefndir af Fiskifélagi Íslands.  
Þriggja manna nefnd gerir tillögur um verkefni fiskiðnaðardeildar. Nefndin skal skipuð forstöðumanni fiskiðnaðardeildar og tveimur mönnum tilnefndum af Fiskifélagi Íslands.  
Þriggja manna nefnd, skipuð forstöðumanni iðnaðardeildar og tveimur mönnum tilnefndum af Landssambandi iðnaðarmanna, gera tillögur um verkefni iðnaðardeildar.  
Tilraunaráð jarðræktar og tilraunaráð búfjarræktar, sbr. lög nr. 64 1940, gera tillögur um verkefni landbúnaðardeildar.
3. Við 8. brtt. Upphaf tillögunnar orðist svo:  
Sérfræðingar atvinnudeildar háskólans skulu veita nemendum . . . o. s. frv.
4. Við 10. brtt. Orðið „þar“ í 1. málslið falli burt.
5. Við 15. brtt. Tillagan orðist svo:  
Við 15. gr. Greinin falli niður.
6. Við 16. brtt. Í stað orðanna „9.—11. gr. l. nr. 64 1940“ komi 9.—10. gr. l. nr. 64 1940.
7. Við 17. brtt. Tillagan orðist svo:  
Við 17. gr. Í stað „1.—14. gr.“ komi: 1.—12. gr.